

Fundargerð 35. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2017, þriðjudaginn 15. ágúst kl. 11:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Björgvin Guðmundsson og Sigrún Árnadóttir. Í símasambandi voru Steinunn María Sveinsdóttir og Anna Lind Ragnarsdóttir.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir og Valur Rafn Halldórsson sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Sigrún Árnadóttir kom inn á fundinn kl. 11:10.

1. Skipting veiðigjalda til sveitarfélaga - leiðir og forsendur - 1708002SU

Lagt fram minnisblað frá Róberti Ragnarssyni og Bryndísi Gunnlaugsdóttur um skiptingu veiðigjalda til sveitarfélaga. Róbert og Bryndís komu inn á fundinn undir þessum lið og gerðu grein fyrir minnisblaðinu.

Stjórn telur að verkefnið sé á réttri leið og felur Róberti og Bryndísi að útbúa líkan m.v. umræður á fundinum. Slíkt líkan skal kynnt á næsta stjórnarfundum og síðan á sjávarútvegsfundum þann 7. september nk.

2. Samtök fiskeldissveitarfélaga - 1703001SU

Þann 18. júlí sl. sendu samtökin út erindi til allra sveitarfélaga og bjóða sveitarfélögum sem hafa fiskeldi eða áform um slíkt innan síns sveitarfélags að sækja um aðild að samtökunum. Þrjú sveitarfélög hafa óskað eftir aðild en það eru Hörgársveit, Norðurþing og Ísafjarðarbær.

Samþykkt að boða til auka aðalfundar 7. september 2017 til að fá samþykki fyrir breytingum á samþykktum samtakanna þar sem hlutverk sjávarútvegssveitarfélaga verður útvíkkað svo umrædd sveitarfélög geti gengið formlega í samtökin.

3. Sjávarútvegsfundur 2017 - 1705001SU

Rætt um sjávarútvegsfund samtakanna sem haldinn verður 7. september 2017 á Siglufirði en skipulag ráðstefnunnar er í höndum stjórnarmanna.

Starfsmanni falið að útbúa drög að dagskrá í samvinnu við stjórnarmenn.

4. Áhættumat Hafrannsóknarstofnunar um fiskeldi - 1708003SU

Lagt fram til kynningar áhættumat Hafrannsóknarstofnunar um fiskeldi.

Samþykkt að taka málið upp á aðalfundi í byrjun september.

5. Kostnaður vegna þjónustu við samtökin - hækkun gjalds - 1708001SU

Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. júlí 2017, þar sem lagt er til að þjónustugjald samtakanna til sambandsins verði hækkað í 1 m.kr. árið 2017 og að sú upphæð verði endurskoðuð fyrir aðalfund samtakanna annað hvert ár.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga samþykkir þá tillögu sem Samband íslenskra sveitarfélaga leggur til í erindinu.

Fundi var slitið kl. 11:50